



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 22. mars 2022 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín Björk Leifsdóttir og Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni frá síðasta fundi og því sem er framundan á næstunni.

Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

#### 2. Barnvæn sveitarfélög – samningur

Fyrir fundinum lá samningur við UNICEF og mennta- og barnamálaráðuneytið við Sveitarfélagið Skagaströnd þar sem lýst er yfir að aðilar muni ganga til samstarfs um framkvæmd verkefnisins Barnvæn sveitarfélög. Verkefnið felst í því að Skagaströnd innleiði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna samkvæmt hugmyndafræði Barnvænna sveitarfélaga sem UNICEF hefur þróað. Framkvæmd verkefnisins er í höndum sveitarfélagsins með reglugum og vel tilgreindum stuðningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og UNICEF í formi fræðslu og ráðgjafar. Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýdir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í starfi sínu og að forsendur sáttmálans séu leiðarstef í starfsemi þess. Við innleiðinguna rýna starfsmenn og kjörnir fulltrúar ákvarðanatökuferli sveitafélagsins með hliðsjón af Barnasáttmálanum, gera aðgerðaráætlun, koma í framkvæmd viðeigandi breytingum. Sáttmálinn er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna. Þegar Skagaströnd, hefur lokið við innleiðingaferli verkefnisins og öll skilyrði hafa verið uppfyllt, getur sveitarfélagið hlotið viðurkenningu frá UNICEF fyrir að vera Barnvænt sveitarfélag. Innleiðingarferlið tekur að lágmarki tvö ár. Var sveitarstjóra falið að undirrita samning og viðauka við samninginn og hefja vinnu við verkefnið.



### 3. Fráveita 1. verkþáttur – niðurstöður útboðs

Þriðjudaginn 1. mars 2022 voru opnuð tilboð í verkið *Fráveita á Skagaströnd – Áfangi I.*

Um var að ræða opið útboð og óskuðu alls sjö aðilar eftir útboðsgögnum. Tvö tilboð bárust og voru niðurstöður eftirfarandi:

Nr.	Nöfn bjóðenda	Upphæð	Hlutfall af áætlun
1.	<b>Víðimelsbræður og Steypustöð Skagafjarðar ehf.</b>	Kr. 138.950.144,-	134%
2.	<b>Vinnuvélar Símonar ehf.</b>	Kr. 145.964.837,-	140%
	<b>Kostnaðaráætlun Stoð ehf.</b>	Kr. 103.924.850,-	100%

Í grein 0.4.6. í útboðslýsingu er eftirfarandi málsgrein:

*Verkkaupi mun annað hvort taka lægsta tilboði sem uppfyllir kröfur útboðsgagna eða hafna öllum tilboðum. Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að hafna tilboðum sem eru hærri en kostnaðaráætlun og/eða samþykktar fjárhheimildir til framkvæmdarinnar.*

Bæði þessi skilyrði eiga við en tilboð eru bæði umtalsvert hærri en áætlun gerði ráð fyrir og að sama skapi hærri en samþykktar fjárhheimildir sveitarstjórnar til verksins.

Í ljósi framangreinds er tilboðum sem bárust í verkið hafnað. Er sveitarstjóra falið að upplýsa tilboðsgjafa um ákvörðun sveitarstjórnar og að kanna hvaða möguleikar eru á áframhaldi verkefnis með aðilum miðað við fyrirliggjandi forsendur.

### 4. Æðavarp – umsóknir um nýtingu

Hrefna Dögg lýsti yfir vanhæfi til þess að fjalla um málefnið og vék af fundi.

Pann 21. febrúar sl. auglýsti sveitarfélagið eftir áhugasönum aðilum til þess að sjá um nýtingu æðarvarps í Hólaflóa. Í auglýsingu kom fram að umsóknir:



- a. Skuli berast fyrir 16:00 mánudaginn 28. febrúar 2022.
- b. Skuli innihalda upplýsingar um fasta árlega fjárrupphæð leigugreiðslu í íslenskum krónum sem verður til greiðslu í maí hvert ár leigutímans.
- c. Með fyrirvörum eða annarri framsetningu endurgjalds en staðgreiðslu teljist ógildar.

Þá kemur fram að umsækjandi skuli tilgreina reynslu sína af umönnun æðavarps m.t.t. uppbyggingar og sjálfbærni svæðisins til framtíðar. Áskilin er réttur til að taka hvaða umsókn sem er eða hafna öllum.

Alls bárust þrjár umsóknir um nýtingu en aðeins tvær umsóknir uppfylltu skilyrði sem sett voru fram í auglýsingu:

1. *Rúnari Jósefssyni og Stefáni Jósefssyni*
2. *Ólafi Ingibjörnssyni*
3. *Hestamannafélaginu Snarfara – umsókn uppfyllti ekki skilyrði auglýsingar*

Sveitarstjórn ræddi innsendar umsóknir. Ákveðið var að semja við Ólaf Ingibjörnsson. Við ákvarðanatöku var horft til þess að Ólafur Ingibjörnsson er sá aðili sem í raun hefur skapað þau verðmæti sem skapast hafi í kringum æðarvarp á tilgreindu landi sveitarfélagsins.

## **5. Reglur Sveitarfélagsins Skagastrandar varðandi nám í grunnskóla utan heimabyggðar**

Fyrir fundinum lágu drög að reglum sveitarfélagsins vegna náms í grunnskóla utan heimabyggðar sem sveitarstjórn fór yfir og ræddi. Var sveitarstjóra falið að birta reglurnar með áorðnum breytinum og voru þær samþykktar samhljóða af sveitarstjórn.

## **6. Húsnæðisáætlun Sveitarfélagsins Skagastrandar**

Fyrir fundinum lá uppfærð húsnæðisáætlun fyrir sveitarfélagið en búið er að koma á laggirnar rafrænu skráningarkerfi fyrir húsnæðisáætlanir sveitarfélaga og þurfti að færa gildandi áætlun þangað inn. Sveitarstjórn samþykkti áætlunina samhljóða eins og hún var lögð fyrir.



## 7. Ársreikningur Hafnasambands Íslands

Fyrir fundinum lágu drög að ársreikningi Hafnasambands Íslands. Erindið lagt fram til kynningar.

## 8. Bílastæðamál á hafnarsvæði

Málið var tekið fyrir áður á fundi sveitarstjórnar þann 14. febrúar sl. á grundvelli erindis frá Harbour ehf. dags. 21. janúar 2022.

Fram kom að aðilar að málínu hafi hist á fundi til þess að fara yfir framlagða beiðni.

1. Sótt er um heimild til að nýta opið svæði norðan við ketilhús/reykháf sem bílastæði fyrir starfsmenn Harbour ehf. Ef heimild fyrir þessu fæst mun umsækjandi (Harbour ehf.) framkvæma jarðvegsskipti í bílastæðinu og ganga frá yfirborði.

*Afgreiðsla sveitarstjórnar:* Samþykkt samhljóða eins og erindið er lagt fyrir.

2. Sótt er um heimild til að nýta opið svæði sunnan við Hafnarlóð 7 sem bílastæði fyrir gesti veitingahússins. Ef heimild fyrir þessu fæst mun umsækjandi (Harbour ehf.) mála afmörkun fyrir stæðin á núverandi yfirborð, og merkja þau með skiltum.

*Afgreiðsla sveitarstjórnar:* Samþykkt samhljóða eins og erindið er lagt fyrir.

## 9. Trúnaðarmál

Bókun sveitarstjórnar færð í trúnaðarbók.

## 10. Bréf

### a. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 21. febrúar 2022

**Efni:** Samráðs- og upplýsingafundir með sveitarstjórnarmönnum til undirbúnings stefnumótunarvinnu á landsþingi samandsins í september 2022.

*Við umfjöllun um starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2022 var rætt um mikilvægi þess að fá hugmyndir og ábendingar vegna komandi stefnumótunarvinnu sambandsins frá reyndum sveitarstjórnarmönnum, áður en margir þeirra munu*



yfirgefa vettvang sveitarstjórnarstigsins í kjölfar næstu sveitarstjórnarkosninga í maí 2022. Haldnir verða fimm fundir með frjálsri þáttöku sveitarstjórnarmanna og stjórnenda sveitarfélaga, en þó með sérstakri áherslu og beiðni um að þeir sem búa yfir reynslu og hafa ákveðið að kveðja vettvang sveitarstjórnarmála taki þátt. Var erindið lagt fram til kynningar.

**b. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 28. febrúar 2022**

**Efni:** Samþykkt stjórnar sambandsins og yfirlýsing CEMR vegna Úkraínu  
*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti einróma á fundi sínum þann 25. febrúar sl. að taka undir yfirlýsingu Evrópusamtaka sveitarfélaga, CEMR, um að evrópskir sveitarstjórnarmenn fordæmi brot á sjálfstæði og sjálfræði Úkraínu og lýsi yfir stuðningi og samstöðu með sveitarfélögum í Úkraínu og íbúum þeirra. Sveitarstjórn tekur einróma undir yfirlýsinguna og fordæmir harðlega brot Rússlands á sjálfstæði og sjálfræði úkraínsku þjóðarinnar*

Sveitarfélagið hefur hafið samtal við ráðuneytið varðandi móttöku flóttamanna. Verkefnið verður unnið í samstarfi Félags- og skólapjónustu A-Hún. Var sveitarstjóra falið að auglýsa eftir húsnæði í sveitarféluginu fyrir flóttafólk frá Úkraínu svo hægt verði að bregðast skjótt við ef til þess kemur.

**c. Stjórnar SSNV dags. 4. mars 2022**

**Efni:** Ársþing 2022

*Með erindimu er boðað til Ársþings SSNV 1. apríl nk. Var erindið lagt fram til kynningar.*

**11. Fundargerðir**

**a. Framtíð minni sveitarfélaga á Íslandi dags. 6. október 2021**

Lögð fram til kynningar.

**b. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 18. febrúar 2022**

Lögð fram til kynningar.

**c. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 25. febrúar 2022**

Lögð fram til kynningar.



1257-50

Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

## 12. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 12:00



Halldór Gunnar Ólafsson



Guðmundur Egill Erlendsson




Kristín Björk Leifsdóttir



Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir



Péturína Laufey Jakobsdóttir



Alexandra Jóhannesdóttir